



Vatnajökulsþjóðgarður
Norðursvæði
Fundur svæðisráðs norðursvæðis
27. apríl 2015
Haldinn á Hvalasafninu á Húsavík

Mætt: Böðvar Pétursson (formaður) frá Skútustaðahreppi, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarféлага, Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálandisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir mætti til fundar undir lok 1.liðar.

1. Deiliskipulag fyrir Ásbyrgi. Núverandi deiliskipulag fyrir Ásbyrgi er frá árinu 2005 og unnið að gerð nýrrar deiliskipulagstillögu. Arnar Birgir frá Landmótun kynnti tillögurnar. Farið yfir atriði sem fram komu á íbúafundi sem haldinn var í apríl 2014.
 - a. Hótel. Skiptar skoðanir um hótél innan eða utan þjóðgarðs. Í núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir hótélbyggingu „við mynni Ásbyrgis“. Í aðalskipulagi Norðurþings er gert ráð fyrir hótélbyggingu norðan þjóðvegjar. Nokkrum hugmyndum um staðsetningar á hóteli velt upp, án þess afstaða væri tekin til þeirra.
 - b. Golfvöllur. Í öllu skipulagi gert ráð fyrir flutningi golfvallar upp í Ás en slíkt er mjög kostnaðarsamt og miðað við óbreyttar forsendur ekki á stefnuskrá núverandi rekstraraðila.
 - c. Tjaldsvæði og smáhýsi. Stækkun tjaldsvæðis ekki metin brýn í ljósi þróunar ferðamennsku að mati þjóðgarðsvarðar, smáhýsin miklu frekar í forgangi.
 - d. Þjónustuvæði. Skýrar óskir komu fram um vöntun á þjónustuhúsnæði fyrir t.d. ferðaþjónustuaðila, handverk og jafnvel veitingasölu. Stefnt að þéttingu þjónustuvæðis (tjaldsvæðis og Gljúfrastofu) og að auka tengingu á milli þjónustustaða.
2. Beiðni Neyðarlínu um 10 kW virkjun í Svartá og rafstreng frá henni upp á Vaðöldu. Almennt er svæðisráð tilbúið að skoða hugmyndina á þeim forsendum að ferlið þurfi að vera afar vandað ef ráðist verður í framkvæmdir á jafn viðkvæmum stað og í Svartá, í næsta nágrenni við Skínanda. Svæðisráð samþykkir að krefjast eftirfarandi skilyrða við ferlið:
 - a. Farið verði með málið skv. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum sem taka gildi 1.júní n.k. og kveða á um tilkynningaskildu til sveitarfélaga, sem í þessu tilfelli er Skútustaðahreppur.
 - b. Auglýsing tillögu um deiliskipulag skal af hálfu þjóðgarðs háð því að áform séu kynnt á staðnum, við Vaðöldu.
 - c. Að fyrir liggja raunhæft og ígrundað mat á því að aðrir vistvænir orkukostir til aflgjafar við Vaðöldu komi ekki til greina.
 - d. Gerð verði grein fyrir varaafli ef það á að vera til staðar.
 - e. Forsenda samþykktar deiliskipulags af hálfu Vatnajökulsþjóðgarðs er vettvangskonunn þjóðgarðsvarðar og svæðisráðs. Í ferlinu skal gera samanburð á öðrum vistvænum orkukostum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.